

ÁRSSKÝRSLA BÓKMENNTA- OG LISTFRÆÐASTOFNUNAR 2022

Fjárhagsleg staða stofnunarinnar er nú að komast í jafnvægi eftir nokkurra ára halla. Unnið hefur verið að því að bæta fjárhagsstöðu hennar, auka sýnileika stofnunarinnar út á við og koma upp verkferlum fyrir veitingu útgáfustyrkja. Árið 2022 var enn markað af áhrifum covid-19 faraldurs en samkomutakmörkunum var ekki aflétt fyrr en í lok febrúar 2022 og hafði því eðlilega áhrif á fjölda og umfang viðburða.

1. Rekstrarreikningur ársins

Staða stofnunarinnar er nú í ágætis farvegi en í lok árs 2022 var staðan jákvæð sem nam 5.318.483 kr. Rekstur stofnunarinnar því kominn í jafnvægi eftir nokkurra ára halla. Hluti af jákvæðri fjárhagsstöðu stofnunarinnar eru 1.000.000 kr. sem lagðar voru til hliðar árið 2021 sem varasjóður til að mæta óvæntum útgjöldum. Einnig voru engar umsóknir um útgáfustyrki fyrir árið 2022 og hefur sú fjárveiting sem lögð var til hliðar fyrir útgáfustyrki því verið nýtt til að byggja upp sjóð fyrir útgáfustyrki til að tryggja að hægt sé að mæta óvæntum fjárútlátum milli ára en reikna má með að umsóknir verði mismargar á milli ára. Markmiðið er að reyna sem best að halda jafnvægi í þeim styrkjum sem veittir verða þó fjöldi þeirra sé breytilegur milli ára.

3. Ráðstefnur

Samþykkt var á aðalfundi 2021 að koma á fyrirlestraröð BL sem haldin væri yfir skólaárið. Vel gekk að halda úti röðinni fyrsta skólaárið (2021-2022) en minni áhugi hefur verið af hálfu félaga að halda erindi á vegum raðarinnar á skólaárinu sem nú stendur yfir (2022-2023). Stjórnin leggur til að annað hvort verði fyrirlestraröðin lögð niður eða að hún verði nýtt til að auka sýnileika rannsókna nýdókta sem tengdir eru við stofnuna og reyna þannig að virkja nýdókta og efla tengslanet þeirra. Væri markmiðið þá að blanda saman erindum félaga og nýdókta ásamt erlendra gesta.

Enn fremur voru haldnar fjórar ráðstefnur eða viðburðir á vegum stofnunarinnar eða í samvinnu hennar við aðrar stofnanir eða deildir. Hér fyrir neðan má finna yfirlit yfir fyrirlestraröðina og ráðstefnur og viðburði sem stofnunin stóð að á árinu:

Fyrirlestraröð BL (BókList):

- Jan Alexander van Nahl (Háskóli Íslands), „Um hlutverk tilviljunar í norrænum konungasögum“, 1. mars
- Kristín Svava Tómasdóttir (Fyrirlestur Jóns Hallgrímssonar), „Nýjar og gamlar sögur, nýr og gamall texti“, 22. mars
- Ástráður Eysteinnsson (Háskóli Íslands), „Eyjafræði og bókmenntir“, 30. mars
- Cristina Bezari (Háskólinn í Ghent) „Spænsk kvenskáld á millistríðsárunum“, 26. Apríl
- José Manuel Losada (Complutense háskólinn í Madrid), „Goðsögur með augum menningarfræðinnar“, 8. september
- Benedikt Hjartarson, Jón Karl Helgason, Magnús Þór Þorbergsson og Steingrímur Páll Kárason, „Fjarkönnun íslenskrar bókmenntasögu: Verkefni, innsýn og áskoranir“, 24. nóvember

Ráðstefnur og málþing:

- Málþing um skáldið Þorstein frá Hamri í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og félagið Arfur Þorsteins frá Hamri, 12. september
- Málstofa um Söлку Völkú í samvinnu við Gljúfrastein og The Nordic Faulkner Studies Network, 4. október
- Fyrirlestur Sam Holmqvist (Háskólinn í Södertörn í Svíþjóð) í samvinnu við norræna rannsóknarnetið Queering National Histories, Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Q – félag hinsegin stúdenta, „Að lesa hinsegin sögu(r) í samtímanum“, 18. október
- Ráðstefnan Bænakvak og brandabrák í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og rannsóknarverkefnið The Sacred and the Profane in Pre-Modern Icelandic Literature, 21.-22. október

Allar frekari upplýsingar um viðburði og ráðstefnur er að finna á vefsíðu stofnunarinnar.

3. Stuðningur við nemendur

Stofnunin styrkti tvö nemendafélög, Blekfjelagið, félag ritlistarnema, og Torfhildi, félag bókmenntafræðinema, um 50.000 kr. hvort til útgáfu ljóðasafns annars vegar og tímarits hins vegar. Styrkir til nemendafélaga eru nú auglýstir á vefsíðu stofnunarinnar til að tryggja jafnræði.

4. Stafræn útgáfa

Gengið var frá því í samráði við Ástráð Eysteinnsson og Háskólaútgáfuna að bók Ástráðs, *Tvímæli*, sem gefin var út af BL árið 1996, væri boðin til sölu á pdf-formi á vef Háskólaútgáfunnar (sjá hér: <https://haskolautgafan.is/products/tvimaeli>). Um var að ræða tilraunaverkefni, en ef vel gengur má kanna möguleika á að gera fleiri bækur sem gefnar hafa verið út af BL aðgengilegar á stafrænu formi. En það verður einungis gert í fullri samvinnu við höfunda bóka.

5. Útgáfustyrkir

Opnað var fyrir umsóknir um útgáfustyrki á árinu. Engar umsóknir bárust um styrki fyrir útgáfuárið 2022. Eins og áður segir mun fjárveiting ársins 2022 til útgáfustyrkja verða nýtt til að mæta umframsókn í útgáfustyrki milli ára.

Fyrir hönd stjórnar BL
Sif Ríkharðsdóttir (formaður)
6. mars 2023